

FRÉTTABRÉF

3.tbl 28.mars 2025

Foreldrakönnun Skólapúlsins Febrúar 2025

Foreldrakönnunin mælir 41 þátt í sex flokkum. Spurningarnar eru 70 talsins. Könnunin er gerð í febrúar ár hvert og er fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 nemenda líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í janúar.

Þátttakendur voru 121 en 102 svöruðu könnuninni eða 84,3% svarhlutfall.

50 svarendur voru foreldrar drengja og 52 stúlkna. 44 áttu börn í 1.-4. bekk, 27 í 5.-7. bekk og 31 í 8.-10. bekk.

1. Nám og kennsla

Í flokknum nám og kennsla eru fjórir matspættir. 1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum sem er nálægt landsmeðaltali en spurningin "ég er ánægð/ur með hvernig tekið er á agavandamálum í skólanum" mælist þó marktækt undir landsmeðaltali sem rímar einmitt við matspátt 1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra, en á honum mælumst við langt undir landsmeðaltali, lækkum um 18% frá síðasta ári og er niðurstaðan í sögulegu lágmarki eða 52,3% sem telja að agi sé hæfilegur í skólanum. 42 svarendur eða 47,7% telja aga of lítinn í skólanum. Matspættir 1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans og 1.3. Hæfileg þyngd námsefnis koma svipað út og á landinu en þó eru 14 foreldrar sem telja að námsefni barna þeirra sé of létt en aðeins einn svarar því til að það sé of pungt.

2. Velferð nemenda

Í flokknum velferð nemenda eru 13 matsþættir og koma flestir þættir svipað út og á síðasta ári. Matsþættirnir 2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks, 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda, 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra, 2.4. Líðan nemenda í kennslustundum, 2.5. Líðan nemenda í frímínútum eru allir í kringum landsmeðaltal og er niðurstaðan ásættanleg.


8 foreldrar segja barn sitt hafa orðið fyrir einelti á þessu skólaári og 10 segja barn sitt hafa orðið fyrir einelti en að það sé amk. tæpt ár síðan. 15 af þessum 18 segjast hafa tilkynnt skólanum um eineltið. Það er þó ekki í samræmi við þær tilkynningar sem skólinn hefur fengið sl. tvö ár.

Þá svara 71,9% foreldra að þeir vilji alfarið banna snjallsíma í grunnskólum og 17,7% vilja hafa mjög strangar reglur um snjallsímanotkun.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættirnir 3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum og 3.2. Ánægja með tómstundaþjónustu mælast báðir marktækt undir landsmeðaltali. Hvað varðar aðstöðuna í skólanum mælast undirþættirnir aðstaða fyrir nemendur í frímínútum, aðgangur að tölum, aðbúnaður í almennum kennslustofum, aðstaða til að matast og aðstaða til íþróttakennslu marktækt undir meðaltali. Hvað varðar tómstundaþjónustuna mælast undirþættirnir líðan barnsins, eftirlit með starfinu, dagleg viðfangsefni barnanna, húsnæðið/aðstöðuna (27 foreldrar frekar eða mjög óánægðir) og verð þjónustunnar allir marktækt undir meðaltali.

Þá eru 67% foreldra ánægðir með matinn í skólanum og 98% barna eru í mat í skólanum.





4. Foreldrasamstarf

Matsþátturinn frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi mælist marktækt yfir landsmeðaltali og er þá átt við að kennarar hafi samband, með símtali, tölvupósti, biðji foreldra að fylgjast með heimanámi, biðja foreldra um að ræða um skóladaginn eða biðja foreldra um að mæta á viðburði.

Foreldrar hér telja mikilvægi þess að gera námsáætlun með með nemandanum marktækt minna en gerist á landinu.

5. Heimastuðningur

Virgni foreldra í námi barna sinna er svipuð og gerist á landinu en 5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu mælist marktækt yfir landsmeðaltali. 80% foreldra telja að heimavinna barna sinna sé hæfileg og er það 7% hærra en gerist á landinu. Foreldrar hér verja marktækt minni tíma í að aðstoða börn sín við heimanám en á landinu.

6. Opin svör

Það sem helst er nefnt þegar foreldrar eru spurðir hvað þeim þykir gott við skólann er að börnum þeirra líður vel og þar sé gott starfsfólk. Þegar spurt er hvað betur megi fara er þrennt sem helst er nefnt, skólalóðin, maturinn og aðstoða í Kátakoti.





Grunnskóli Hornafjarðar

FRÉTTABRÉF



Boð til foreldra

Hátíðleg afhending viðurkenningar UNICEF til Hornfjarðar


Það er okkur sönn ánægja að tilkynna að fulltrúar frá UNICEF á Íslandi munu heimsækja sveitarfélagið okkar 4. apríl kl. 12:30–13:10 og veita Sveitarfélaginu Hornafirði viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag.

Nánar um barnvænt sveitarfélag má lesa hérna:

<https://www.hornafjordur.is/thjonusta/born-og-menntun/barnvaent-sveitarfelag/>

Viðburðir framundan

- 1.apríl Stóra upplestrarkeppnin hjá 7.bekk á Djúpavogi
- 2. apríl Pisa könnunin lögð fyrir 10.bekk
- 4.apríl Viðurkenning fyrir barnvænt sveitarfélag afhent í íþróttahúsinu
- 4.–10.apríl Fjölbreytileika vikan hefst!
- 7.apríl Skólaping hjá 9.–10.bekk. Fulltrúi frá Alþingi kemur og heldur skólapingið.
- 8.apríl Okkar heima – fræðsla fyrir 7.–10.bekk
- 14.apríl Páskafrí hefst
- 24.apríl Sumardagurinn fyrsti
- 25.apríl Starfsdagur





Apríl

- 1.apríl. Kjúklingaborgari, franskar og kokteilsósa
- 2.apríl. Steiktur fiskur, kartöflur og brætt smjör
- 3.apríl. Grísasteik, steiktar kartöflur, rjómasósa og rauðkál
- 4.apríl. Grjónagrautur og brauð með áleggi

- 7.apríl. Soðinn fiskur, kartöflur, brætt smjör og rúgbrauð
- 8.apríl. Taco með hakki
- 9.apríl. Bleikja, kartöflur, brætt smjör og köld sósa
- 10.apríl. Kjöt í karrý, kartöflur og hrísgrjón
- 11.apríl. Mexíkósúpa og meðlæti

14. - 21. apríl. **PÁSKAFRÍ**

- 22.apríl. Kjúklinganaggar, franskar og kokteilsósa
- 23.apríl. Steiktur fiskur, kartöflur og brætt smjör
- 24.apríl. **SUMARDAGURINN FYRSTI**
- 25.apríl. **STARFSDAGUR**

- 28.apríl. Ofnbakaður fiskur, kartöflur og köld sósa
- 29.apríl. Hakk og spaghettí og hvítlauksbrauð
- 30.apríl. Fiskistangir, kartöflur og köld sósa

